


DV-MYND E.ÓL.

Þorri Hringsson listmálari

„Menn hafa tilhneigingu til að loka sig inni í einhverjum fílabeinsturni og verða svo bitnir yfir skilningsleysi. Frekar viljum við bara vera vinir og félagar sem hafa gaman af því að mála og spjalla um myndlist."

Ögrandi að *vera venjulegur*

Athygli hefur vakið málverkasýning á Kjarvalsstöðum sem ber heitið Gullni pensillinn. Þar eru komnir fjórtán okkar fremstu málara sem sýna nýjustu afurðir sínar. Einn málaranna, Þorri Hringsson, rölti með mér um sýninguna og ég spurði hann hvaðan hugmyndin að svo stórri samsýningu væri komin.

„Frumkvæðið kemur frá okkur málurunum," segir Þorri. „Fimm okkar voru saman í Myndlista- og handíðaskólanum, við þekkjumst vel og höfum fylgst að. Raunar þekkist allur hópurinn vel og sá elsti okkar, Helgi Þorgils, kenndi okkur í skólanum."

Þorri segist ætla að eigna sjálfum sér nokkurn heiður af sýningu Gullpenslanna því hann hafi sagt við félaga sína fyrir u.þ.b. tveimur og hálfu ári: „Hjá okkur er eitthvað í gangi sem ætti að setja upp í samsýningu. Við verðum að setja fram þá yfirlýsingu að það sé eitthvað nýtt að gerast í málverkinu." Og eftir krókaleiðum urðu úr því Gullpenslarnir.

Hlutbundin list

„Það er erfitt að vera með alvarlegan félagsskap sem snýst um málverk," segir Þorri. „Menn hafa tilhneigingu til að loka sig inni í einhverjum fílabeinsturni og verða svo bitrir yfir skilningsleysi, líkt og gerðist með Málarafélagið og Septemhópinn. Það var ekki það sem við vildum þar sem slíkur félagsskapur virðist vera orðinn að eins konar yfirlýsingu í sjálfum sér. Frekar viljum við bara vera vinir og félagar sem hafa gaman af því að mála og spjalla um myndlist."

Það fyrsta sem þessi óformlegi félagsskapur málara gerði var að halda litla sýningu í Gallerí Gangi, ganginum hjá Helga Þorgils Friðjónssyni. Þar sem ekki var mikið rými lögðu félagarnir metnað sinn í að gera veglega sýningarskrá með litmyndum og fljótlega eftir það var stjórnendum stórra sýningarrýma send hugmynd að sýningu. Eiríkur Þorláksson hjá Listasafni Reykjavíkur tók erindinu strax fagnandi.

– Sagt hefur verið um Gullpenslana að þeir séu „fígúratífir", þ.e. máli hlutbundið. Fallið þið öll undir þá skilgreiningu?

„Sum okkar eru á mörkunum," segir Þorri sem sjálfur hefur getið sér gott orð fyrir hlutbundna list sína. „Einkum eru það Sigurður Árni, Jón Bergmann og Inga Þórey sem hneigjast í átt að hinu óhlutbundna. Sigurður hefur verið að mála náttúrutengdar þrívíðar blekkingar en jafnframt verið að kasta fram spurningum um eðli málverksins sem tvívíðs hlutar. Sýningin er ekki einungis á fígúratífum verkum, það má kannski segja að hún sé millibilið en ekki endilega önnur hvor áttin."

– Rotta Gullpenslar sig saman í hópa innan hópsins? Hverja er hægt að spyrða saman?

„Við Jóhann Ludvig, Birgir og Hallgrímur erum fígúratífir á raunsæisplani. Kristín Gunnlaugs og Helgi Þorgils eru kannski fígúratíf á goðsögulegu plani. Síðan koma Georg Guðni, Sigríður Ólafs og Eggert P. sem eru ljóðrænir raunsæismálarar náttúrumynda. Jón Bergmann, Sigtryggur, Inga Þórey, Sigurður Árni og Daði eru síðan komin að einhverjum mörkum hins óhlutbundna. En auðvitað er það ekki tilviljunin ein sem ræður því að fólk er saman á sýningu. Það er t.a.m. greinilegt kynslóðabil á milli málara. Maður sér það á því hvaða afstöðu menn hafa til málverksins. Það er hægt að finna málara sem eru á öðrum slóðum en við sem tökum þátt í þessari sýningu. Enginn heldur því fram að þetta sé endanleg samsetning á einhverju sem heitir Gullpensillinn."

Blautar konur hluti af raunsæinu

– Er þessi sýning upphafið að einhverju nýju í íslenskum myndlistarheimi?

„Það er ekki gott að segja. Stundum finnst manni einhverjar sýningar marka tímamót en síðar kemur í ljós að þær voru nauðaómerkilegar. Svo koma ef til vill einhverjar pínulitlar sýningar sem maður tekur varla eftir en þær reynast hafa margt að segja um framtíðina," segir Þorri og bætir við að það sé framtíðarinnar sjálfrar að skera úr um það. Að sjá verkin í samhengi breyti þó kannski einhverju fyrir þá sem sjá sýninguna. Það veki til dæmis athygli á því að verið sé að gera merkilega hluti sem eru málverk. En hefur leikið vafi á því ?

„Málarar geta nú ekki mikið barmað sér þar sem staða málverksins er mjög góð á Íslandi. En ef við förum út í það sem stundum er kallað „listasnobb" – listfræðinga, listgagnrýnendur, ráðgefendur og ýmsa experta – þá er ekki mikið snobbað fyrir málverkinu núna. Málverkið þykir ekki gott og ekkert merkilegt verið „að segja" með málverki."

– Og hvað eruð þið að segja?

„Ja, því verður hver Gullpensill að svara fyrir sig. Ég er til dæmis að segja að fallegar, blautar konur geti líka verið hluti af hinum raunsæja myndlistarheimi."

„Málverk eru bara fyrir almenning"

Þorri ítrekar að málverkið sé alls ekki búið að vera. Málarar á Íslandi séu ekki hópur í nauðvörn og þeir hafi engin efni á því að vera með barlóm eða stórar yfirlýsingar um framtíðina. „Það er áhugi á sýningum okkar sem er hið besta mál. Það er sá listræni sigur sem nægir okkur – og það sem við lögðum af stað með í upphafi."

Sýning Gullpenslanna hefur verið gríðarlega vinsæl og stöðugur straumur fólks á Kjarvalsstaði sannar það. Getur verið að málverkahefð okkar – landslagsmálverkið til dæmis – sé einfaldlega svo sterkt í þjóðarvitundinni að þessu hafi stórir hópar fólks verið að bíða eftir?

„Það er a.m.k. ákaflega þakklátt starf að vera málari þar sem málverkið gengur hraðar í samband við áhorfandann en öll önnur list," segir Þorri. „Ef við stefnum skúlptúr til móts við málverk hafa málarar mikið forskot. Engu að síður eru stórir hópar fólks innan listheimsins sem segja: „Málverk eru bara fyrir almenning."

– Er það slæmt?

„Ja, sumt þykir einfaldlega merkilegra en annað," segir Þorri og brosir. „Mér finnst samt eins og þetta sé að breytast. Fyrir tíu, fimmtán árum átti maður helst að vera misskilinn og úthrópaður – þá hlaut maður að vera á réttri leið. Nú finnst mér fólk ekki vera eins viðkvæmt gagnvart vinsældum. Þær standa ekki eins mikið í vegi fyrir gæðum og þær gerðu. Þetta er eins með vinsælar bíómyndir og vinsælar bækur – ýmsir fordómafullir hópar líta niður á verk sem falla í kramið hjá fjöldanum.

Það sem er mest ögrandi í dag er að vera venjulegur, einlægur, mála fallegar myndir og selja þær vel. Að áliti margra á maður nefnilega að gera illskiljanleg myndlistarverk, vera á þriggja ára starfslaunum, ganga um í grútskítugum jakkafötum og hanga rauðeygður á börunum. Ef ég vildi gera verulega uppreisn þá sneri ég mér að rómantísku landslagi og setti utan um það gyllta ramma," segir Þorri og glottir.

– Verða fleiri sýningar á næstunni?

„Við höfum engin áform um það að sigra heiminn með stórum og þéttum sýningum," segir Þorri. „Gamli málarastíllinn væri vissulega að stofna félag, sýna reglulega á sama tíma til þess að tryggja að fólk sæi að allir væru að gera eitthvað, en ég held að slíkt virki ekki í dag. Athygli fólks færi fljótt dvínandi. En það verður vitanlega eitthvað um að vera hjá Gullpenslunum og meðan allir hafa gaman af þessu þá gengur það. En um leið og gamanið er búið þá er félagsskapurinn lítils virði." **-þhs**



DV-MYND HARI

Engin áform um að sigra heiminn

Gullpenslarnir eru Helgi Þorgils Friðjónsson, Daði Guðbjörnsson, Jóhann Ludvig Torfason, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Birgir Snæbjörn Birgisson, Sigríður Ólafsdóttir, Hallgrímur Helgason, Georg Guðni, Eggert Pétursson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sigurður Árni Sigurðsson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Jón Bergmann Kjartansson og Þorri Hringsson.

ps



DV-MYND HARI

Guðmundur Páll og Gyrðir bera saman gullin sín.

Hamingjuóskir

Menningarsíðan sendir Gyrði Elíassyni og Guðmundi P. Ólafssyni innilegar hamingjuóskir með Íslensku bókmenntaverðlaunin sem þeir eru vel að komnir. Gyrðir hlaut Menningarverðlaun DV árið 1997 fyrir bókina Indíánasumar.

Frétt eða skýrsla?

Fátt nýstárlegt kom út úr fundi leikhúslistafólks og gagnrýnenda í Borgarleikhúsinu í vikunni sem leið enda tala þessir aðilar ekki alveg sama tungumál. Hlutverk listgagnrýnenda á dagblöðum er að skrifa snaggaralegar fréttir af viðburðum í listalífinu með ákveðnu mati – eins konar fréttaljós – og ekki sakar, frekar en um aðrar fréttir, að þær séu vel skrifaðar og freistandi lesning. Leikararnir vilja hækju. Segið okkur hvort við túlkum verkið rétt og hvort við leikum vel, var viðkvæðið, og líka krafan um að gagnrýnendur fylgist með æfingum og skrifi að lokinni frumsýningu hjartnæma skýrslu um erfitt og óeigingjarnt starf leikarans.

Gagnrýnendur eiga ekki að vera í liði með leikurum og leikstjórum en þeir eiga að elska leikhúsið.



Upp úr skúffunni?

Þau draga hvort sína ályktun af nýju leikriti Kristjáns Þórðar Hrafnssonar í Þjóðleikhúsinu, Já, hamingjan, Halldóra Friðjónsdóttir, gagnrýnandi DV, og Gunnar Stefánsson á Degi. Halldóra fagnar því að ungur höfundur skuli fá tækifæri til að heyra texta sinn mæltan fram af úrvalsleikurum en Gunnar telur „að höfundinum hefði verið best gert með því að segja honum að geyma það áfram í skúffunni".

Afar fá dæmi eru um það í veraldarbókmenntum að skúffuskáld hafi orðið stórskáld. Í svipinn man ég ekki eftir neinum nema bandarísku skáldkonunni Emily Dickinson. Hins vegar má nefna ótalmarga sem byrjuðu hikandi. Kannski er hið gagnstæða undantekning. Víst er að Þjóðleikhúsið hefur skyldur við unga höfunda og Litla sviðið ætti oftar að vera tilraunasvið. Þó að „dramað" vanti í leikritið, eins og rýnir Morgunblaðsins orðaði það (sem vitaskuld er ansi stór galli), þá er greinilegt að Pálmi og Baldur Trausti leggja sál sína í persónusköpunina og það hlýtur að vera hvetjandi fyrir ungt leikskáld.

Leitið að föðurnum

Við höfum á undanförnum misserum fengið að sjá furðumörg leikrit þar sem tveir karlmenn leikast á og er nærtækt að minna á hið frábæra Abel Snorko býr einn sem Kristján Þórður þýddi og Melkorka Tekla setti upp (eins og Já, hamingjan), Svartklæddu konuna og Svikamyllu – sem eiga það líka sameiginlegt að Arnar Jónsson lék annað hlutverkið í þeim öllum!

Einkenni á þessum verkum var að þó að aðeins tvær persónur sæjust á sviðinu skipti ekki minna máli persónan sem var fjarverandi en hélt atburðarásinni gangandi samt, og sú persóna var yfirleitt kona. Þessa þriðju persónu vantaði í Já, hamingjan og var þó lagt upp til hennar. En þar var það ekki kona heldur hinn fjarverandi faðir bræðranna, rithöfundurinn frægi sem eldri bróðirinn elskar og óttast enn en er fallinn í gleymskunnar dá. Kristján Þórður hefði átt að muna betur eftir honum ...